

## REGLUGERÐ

### um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1989.

#### 1. gr.

Lyfsöllum, lyfjagerðum, lyfjaheildsöllum, læknum, dýralæknum og sveitarfélögum með lyfjasölu og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1989, vegna lyfjaeftirlits, sbr. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984. Gjaldið er sem hér segir:

	Kr.		Kr.
I. flokkur	142 000	VI. flokkur	275 000
II. flokkur	125 000	VII. flokkur	197 000
III. flokkur	108 000	VIII. flokkur	142 000
IV. flokkur	84 000	IX. flokkur	36 000
V. flokkur	59 000		

#### 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

##### I. flokkur:

Apótek Austurbæjar  
Ingólfs Apótek  
Keflavíkur Apótek  
Lyfjabúðin Iðunn  
Reykjavíkur Apótek  
Stjörnu Apótek

##### II. flokkur:

Borgar Apótek  
Garðs Apótek  
Hafnarfjarðar Apótek  
Háaleitis Apótek  
Holts Apótek  
Laugavegs Apótek  
Kópavogs Apótek  
Vesturbæjar Apótek

##### III. flokkur:

Akureyrar Apótek  
Laugarnesapótek  
Lyfjaberg  
Lyfjabúð Breiðholts  
Selfoss Apótek

##### IV. flokkur:

Akraness Apótek  
Árbæjar Apótek  
Apótek Garðabæjar  
Húsavíkur Apótek  
Nesapótek, Seltjarnarnesi  
Apótek Vestmannaeyja

##### V. flokkur:

Apótek Austurlands  
Apótek Blönduóss  
Borgarness Apótek  
Dalvíkur Apótek  
Egilsstaða Apótek  
Grindavíkur Apótek  
Hafnar Apótek  
Ísafjarðar Apótek

Mosfells Apótek  
Nes Apótek, Neskaupstað  
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði  
Apótek Ólafsvíkur  
Patreks Apótek  
Rangár Apótek  
Sauðárkróks Apótek  
Siglufjarðar Apótek  
Stykkishólms Apótek  
Ölfus Apótek

## 3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:	VII. flokkur:	VIII. flokkur:
Delta hf.	Lyf hf.	Ásgeir Sigurðsson hf.
G. Ólafsson hf.	Medico hf.	Farmasía hf.
Lyfjaverslun ríkisins		Gróco hf.
Pharmaco hf.		H. Ólafsson & Bernhöft
Stefán Thorarensen hf.		
Tóro hf.		

## 4. gr.

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, skulu greiða eftirlitsgjald samkv. IX. flokki.

## 5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkv. IX. flokki.

## 6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1988. Eindagi er 15. dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er löftakskraft.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingolf J. Petersen.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af bökkum Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi í Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. maí 1989 staðfest skipulagsuppdrátt af bökkum Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Borgarhafnarhrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*